Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Norðurlands eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

**Sædís Gunnarsdóttir**
Minjavörður Norðurlands eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 2. nóvember 2022
*MÍ*202210-0070/ 6.06 / S.G.

**Umsögn Minjastofnunar vegna deiliskipulags við Hvannavelli.**

Með tölvupósti sendum 19. október 2022 óskaði María Markúsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæinn á Akureyri. Meðfylgjandi var skipulagsuppdráttur dagsettur 9. október 2022.

Skipulagsbreytingin snýr að því að bæta við hæð ofan á húsið við Strandgötu 11b, sem er aldursfriðað hús samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012, byggt 1915.

Húsið var frá upphafi iðnaðarhúsnæði og er með elstu steinsteypuhúsum Akureyrar.[1] Minjastofnun leggur áherslu á að gamlir bogadregnir gluggar og aðrir upprunalegir þættir hússins haldi sér við fyrirhugaðar breytingar. Bygginganefndarteikningar þurfa að koma inn til umsagnar hjá stofnuninni, en að öðru leiti gerir stofnunin ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:* Skipulagsstofnun

---

[1] https://www.vikubladid.is/is/frettir/hus-vikunnar-strandgata-11b; https://arnorbl.blog.is/blog/arnorbl/entry/979009/

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*